

## Ágrip

### Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða

#### Inngangur:

Rannsóknin er unnin er fyrir Samgönguráð af Land-ráði sf í samvinnu við IMG Gallup og er hún kostað af Vegagerð og Flugmálstjórn. Tilgangurinn með rannsókninni er að skapa heildstætt upplýsingasafn um ferðavenjur landsmanna sem nýta má við stefnumótun í samgöngumálum og einnig við endurskoðun á markmiðum samgönguáætlunar 2003 – 2014 um greiðan aðgang landsmanna að höfuðborgarsvæðinu og stærstu þéttbýlistöðum.

#### Markmið og vinnubrögð:

Markmið rannsóknarinnar var að gefa heildstætt yfirlit yfir ferðavenjur Íslendinga út fyrir höfuðborgarsvæðið og stærstu þéttbýlisstaði 2004 – 2005, bæði að sumri og vetri. Rannsóknin byggist á viðamikilli viðhorfskönnun þar sem um 2.200 Íslendingar skýrðu frá ferðavenjum sínum með því að svara um 40 spurningum um ferðir sínar sumarið 2004 og veturinn 2004 -2005. Þannig fengust ítarlegar upplýsingar um ferðamáta, ferðatíma, ferðavegalengdir, tíðni ferða, áfangastaði, erindi ofl. Þætti eftir 7 könnunarstöðum, brotið niður eftir 8 félagsþáttum.

#### Könnunarstaðir:

Fyrstu tveir áfangar rannsóknarinnar taka til eftirfarandi könnunarstaða: Höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbær, Akranes, Selfoss, Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir. Í úrvinnslunni er könnunarstöðum skipt í þrjú búsetusvæði; *höfuðborgarsvæðið*, *jaðarbyggð höfuðborgarsvæðis* (Reykjanesbær, Akranes, Selfoss) og *landsbyggðarkjarna* (Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir). Í lokaáfangi rannsóknarinnar verða kannaðar ferðavenjur fólks á völdum svæðum á landinu.

#### Áfangar:

Rannsóknin skiptist í þrjú megin áfanga. Í fyrsta áfangi, *Sumarferðir 2004*, (greinargerð dags. í nóv. 2004), var gerð grein fyrir ferðum fólks sumarið 2004 (júní – ágúst) byggt á viðhorfskönnun sem tæplega 1.100 manns svöruðu. Í þeirri greinargerð er rannsóknin sett í fræðilegt samhengi og borin saman við fyrri kannanir.

Í öðrum áfangi, *Vetrarferðir 2004 -2005*, (greinargerð dags. í sept. 2005) var spurt um ferðavenjur að vetri (desember 2004 – febrúar 2005) á sömu könnunarstöðum og í sumarkönnun með álíka stórt úrtak. Að stórum hluta er um sömu spurningar að ræða og í sumarkönnun. Í samráði við Samgönguráð var ákveðið að spyrja í vetrarkönnuninni nokkuð ítarlegar um innanlandsflug og um viðhorf fólks til hugsanlegs flutnings flugstarfsemi frá Reykjavík til Keflavíkur.

Í þriðja áfangi *Jaðarsvæði flugs og einkabils og erlendir ferðamenn*, sem verður unnin á næsta ári er ætlunin að kanna nánar áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega á jaðarsvæðum þar sem einkabíllinn er að veita innanlandsflugi hvað mesta samkeppni. Einnig er áætlað að kanna nánar notkun erlendra ferðamanna á samgöngukerfi landsins.

#### Ávinningur rannsókna:

Ávinningur rannsóknarverkefnisins felst í eftirfarandi þáttum:

- Með könnuninni fæst heildstæð og samræmd úttekt á ferðum landsmanna sem og erlendra ferðamanna (í næsta áfangi) sem nýta má til þess að meta framgang samgönguáætlunar.
- Upplýsingar um jaðarmörk á ferðamáta milli flugs og landsamgangna.
- Upplýsingar um breytingar á erindum og tíðni ferða með aukinni fjarlægð byggða frá höfuðborgarsvæði og helstu þéttbýlisstöðum.
- Upplýsingar um vinnu- og þjónustusvæði helstu þéttbýlisstaða (pendling).

- Grunnforsendur fyrir landskipulag og svæðisskipulag suðvesturhluta landsins ofl. héraða og sveitarfélaga.

Gildi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í ítarlegri greiningu á ferðavenjum landsmanna á eins árs tímabili sem nýta má til frekari skilnings á líklegri þróun í ferðavenjum landsmanna á næstu árum og þar með endurskoðun samgönguáætlunar. Með því að fylgja eftir með reglubundnum hætti völdum atriðum eða vísbendingum sem fram koma í rannsókninni má fá fram mælikvarða á líklega/æskilega þróun.

#### **Dæmi um helstu niðurstöður (vetrarkönnun 2004 - 2005):**

- Rúm 18% allra svarenda vinna utan búsetusvæðis eða fara vikulega eða oftár út fyrir svæðið vegna vinnu. Um 30% fólks í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðis en aðeins 10% íbúa höfuðborgarsvæðis vinna utan búsetusvæðis. Meðal ferðatími til vinnu er 50 mínútur að sumri og 72 mínútur að vetri.
- Að meðaltali fer fólk sem hefur aðgang að sumarhúsi 10 ferðir þangað á sumri og 4 að vetri. Yfir árið dvelur fólk að meðaltali 20 daga í sumarhúsi og 8% dvelur lengur en 2 mánuði samtals, sem bendir til tvöfaldrar búsetu. Þeir eldri nota sumarhús mun meir en þeir sem yngri eru.
- Meðalfjöldi allra ferða út fyrir búsetusvæði eru 13 að vetri og 14 yfir sumarið. Íbúar jaðarbyggða (ferðabeltið) fara fjórfalt oftár út fyrir búsetusvæði en íbúar höfuðborgarsvæðis. Yfir sumartímenn eru ferðir út á land mest áberandi en straumurinn er meiri til höfuðborgarsvæðis yfir vetrartímenn.
- Yfir sumartímenn nefna 78% svarenda frí sem helstu ástæðu ferða en 32% að vetri. Hlutfall vinnuferða tvöfaldast að vetrinum og heimsóknir til vina og ættingja er nefnt af yfir helmingi þátttakenda bæði vetur sem sumar. Um 40% erinda fólks í jaðarbyggðum til höfuðborgarsvæðis eru verslunarferðir en 6% íbúa landsbyggðakjarna.
- Einkabíllinn er aðalferðamatinn allan ársins hring. Um 93% ferða eru farnar með einkabíl (þar af 7% sem farþegi) að sumri og 90% að vetri. Með flugi fara 3,3% að sumri en 6,8% á vetrartíma (erlendir ferðamenn ekki meðtaldir). Mikil aukning er á notkun flugs á veturna til og frá landsbyggðakjörnum þ.e. 15% ferða að vetri á móti 6% yfir sumartímenn. Rúm 1% ferðast með rútu að vetri og 2,1% að sumri.
- Um 53% svarenda sögðust ekki nota innanlandsflug að jafnaði. Meðalfjöldi ferða á ári með flugi eru tvær. Íbúar landsbyggðakjarna fara að jafnaði 4,2 ferðir og íbúar höfuðborgarsvæðis 1,2. Flestir töldu sig nota innanlandsflug álíka mikið nú (2004 – 2005) og fyrir 3 – 5 árum.
- Tæp 48% allra svarenenda töldu að þeir myndu nota innanlandsflug minna ef flugstarfsemin í Reykjavík yrði flutt til Keflavíkur. Tæp 51% töldu að notkunin yrði svipuð og 1,3% reiknuðu með aukinni notkun. Um 71% íbúa landsbyggðakjarna töldu að þeir myndu nota innanlandsflug minna og um þriðjungur íbúa höfuðborgarsvæðis og jaðarbyggðar. Um 36% landsbyggðarfólks notaði innanlandsflug á leið í flug til útlanda.
- 56,1% allra svarenda voru andvígir flutningi flugstarfsemi frá Reykjavík til Keflavíkur, 27,3% hlynntir og 16,5% hlutlausir. Um 82% íbúa landsbyggðakjarna eru andvígir flutningi og 48% íbúa höfuðborgarsvæðis. Tæp 7% íbúa landsbyggðakjarna eru meðmæltir flutningi til Keflavíkur og 37,5% íbúa höfuðborgarsvæðis. Í þjóðarpóls Gallup í júní 2005 kemur fram að 53% íbúa á höfuðborgarsvæði eru hlynntir því að flugstarfsemin í Vatnsmýri verði flutt annarsstaðar og 45% allra svarenda.
- Um 58% allra svarenda gætu hugsað sér að búa utan núverandi sveitarfélags. Um 34% vildu helst búa á höfuðborgarsvæðinu og 19% á Akureyri. Um 36% allra svarenda gætu hugsað sér að búa erlendis. Um 46% íbúa höfuðborgarsvæðis og 74% þeirra sem eru 24 ára eða yngri. Lang flestir eða tæpur þriðjungur vildi helst búa í Danmörku.